

Hörgársveit
Belamerkurskóli
601 Akureyri

Reykjavík, 6. desember 2024
UST202411-235/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Hraun í Öxnadal - Hörgársveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hörgársveitar er barst 26. nóvember þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags fyrir Hraun í Öxnadal.

Í greinargerð kemur fram að verkefnastjórn Hrauns í Öxnadal ehf. vinnur að uppbyggingaráætlun fyrir Hraun í Öxnadal. Markmiðið með uppbyggingunni er að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar en uppbyggingin felst í gerð gestastofu á svæðinu með aðstöðu fyrir einhverskonar fræðslu eða safn ásamt því að bæta aðstæður, aðkomu og bílastæði á þessum merka og sögufræga stað.

Fólkvangur

Umhverfisstofnun bendir á að í 1. gr. friðlýsingarinnar fyrir fólkvanginn segir Fólkvangurinn nær yfir 2.286 hektara jarðarinnar, en 77 hektarar af heimalandi jarðarinnar eru undanskildir friðlýsingunni.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að í 6. gr. friðlýsingarinnar að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda í fólkvanginum þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Jarðrask og mannvirkjagerð er einnig háð leyfi umsjónarnefndar fólkvangsins og skal vera í samræmi við uppbyggingu fólkvangsins þar sem gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu.

Samráð

Umhverfisstofnun óskar eftir að haft sé samráð við stofnunin við gerð deiliskipulagsins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur